

Föstudaginn 13. marz 1964.

Nr. 41/1963. **Kristinn Guðbrandsson**
(Magnús Óskarsson hdl.)

gegn

Bergi Lárussyni, Einari Guðmundssyni, Halldóri Davíðssyni, Halldóri Hávarðssyni, Helga Pálssyni, Júlíusi Lárussyni, Magnúsi Pálsyni, Magnúsi Sigurðssyni, Páli Þorgilssyni, Siggeiri Lárussyni og Vilhjálmi Eyjólfssyni og gagnsök (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Skuldamál. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. marz 1963. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjenda í málinu og málskostnaður úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 8. maí 1963. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að aðaláfrýjanda verði enn fremur dæmt að greiða þeim vexti, 6% á ári af kr. 14.417.86 frá 19. júlí 1951 til 29. nóvember 1951 og af kr. 132.275.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 9% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags, og svo málskostnað í héraði. Þeir krefjast einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Í máli þessu krefja gagnáfrýjendur aðaláfrýjanda um greiðslu á eftirfarandi fjárhæðum:

1. $1\frac{1}{4}$ hlutum af kr. 150.000.00, þ. e. ... kr. 117.857.14
2. $1\frac{1}{4}$ hlutum af kr. 18.350.00, þ. e. — 14.417.86

Samtals kr. 132.275.00

Um 1. Atvikum málsins, að því er þenna kröfulið varðar, er rækilega lýst í héraðsdómi. Aðaláfrýjandi hefur ekki leitt sönnur að því, að hann ásamt Guðmundi Kolka hafi á árinu 1951 keypt togarann Jón Steingrímsson af þáverandi eigendum hans. Þvert á móti benda atvik, m. a. umboðið frá 21. nóvember 1951, eindregið til þess, að þeir hafi ekki verið eigendur togarans. Verður því að leggja til grundvallar, að þeir aðaláfrýjandi og Guðmundur Kolka hafi aðeins fengið umboð eigenda til að selja togarann úr landi sem brotajárn. Þá hefur aðaláfrýjandi ekki heldur fært sönnur á, að hann og Guðmundur Kolka hafi verið búnir að gera bindandi samning við nokkurn ákveðinn aðilja um sölu togarans, þegar dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur gekk hinn 19. nóvember 1951, en sá dómur leiddi til þess, að hætt var við fyrirhugaða sölu togarans úr landi. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um þenna kröfulið.

Um 2. Með leigusamningi, dags. 18. júlí 1951, sem lagður hefur verið fram í Hæstarétti, tóku þeir aðaláfrýjandi og Guðmundur Kolka ásamt tveimur öðrum nafngreindum mönnum togarann Jón Steingrímsson á leigu sumarsíldveiðitímann 1951. Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi lánuðu eigendur togarans leigutökum þá til útgerðarinnar kr. 18.350.00, og kvittuðu þeir aðaláfrýjandi og Guðmundur Kolka fyrir viðtöku þeirrar fjárhæðar hinn 19. júlí 1951. Hefur aðaláfrýjandi ekki sannað, að skuld þessi sé greidd eða upp gefin. Fyrir Hæstarétti hefur aðaláfrýjandi haft uppi þá málsástæðu til vara, að samkvæmt ákvæðum 14. gr. siglingalaga nr. 56/1914 hafi hann aðeins orðið ábyrgur fyrir greiðslu $\frac{1}{4}$ hluta skuldar þessarar. En þar sem hér var ekki um að tefla félagsútgerð eigenda togarans, heldur aðaláfrýjanda, sem var eigandi $\frac{1}{14}$ hluta togarans, og þriggja annarra manna, sem ekki voru sameigendur að togaranum, þá þykja ákvæði nefndrar 14. gr. ekki eiga hér við. Samkvæmt framansögðu ber einnig að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þenna kröfulið.

Í gagnáfrýjunarstefnu er ekki krafizt breytingar á ákvæðum héraðsdóms um vexti. Verður niðurstaða héraðsdóms um þá því staðfest.

Fallast má á það með héraðsdómi, að málskostnaður í héraði falli niður. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í Hæstarétti, og telst hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kristinn Guðbrandsson, greiði gagnáfrýjendum, Bergi Lárussyni, Einari Guðmundssyni, Halldóri Davíðssyni, Halldóri Hávarðssyni, Helga Pálsyni, Júlíusi Lárussyni, Magnúsi Pálssyni, Magnúsi Sigurðssyni, Páli Þorgilssyni, Siggeiri Lárussyni og Vilhjálmi Eyjólfsyni, málskostnað í Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. febrúar 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu 4. október 1960 af þeim Bergi Lárussyni, Einari Guðmundssyni og Halldóri Davíðssyni, öllum í Reykjavík, Halldóri Hávarðssyni, Efri-Fljótum í Meðallandi, Helga Pálsyni, Kópavogi, Júlíusi Lárussyni, Kópavogi, Magnúsi Pálssyni, Syðri Steinsmýri í Meðallandi, Magnúsi Sigurðssyni, Kópavogi, Páli Þorgilssyni, Reykjavík, Siggeiri Lárussyni, Kirkjubæjarklaustri, og Vilhjálmi Eyjólfsyni, Hnausum í Meðallandi, gegn Kristni Guðbrandssyni framkvæmdastjóra, Efstasundi 23, Reykjavík.

Stefnendur gera þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 132.275.00 með 6% ársvöxtum af kr. 14.417.36 frá 19. júlí 1951 til 29. nóvember 1951 og af kr. 132.275.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum

frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnenda í málinu og dæmdur málskostnaður úr hendi þeirra eftir mati dómsins. Til vara gerir hann kröfur um, að stefnufjárhæðin verði lækkuð verulega og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefnendur skýra svo frá málavöxtum, að hinn 1. maí 1947 hafi strandað á Fljótafjöru í Meðallandi þýzkur togari, Barmen. Hafi það verið stálskip, smíðað í Aberdeen 1906. Skipinu hafi verið bjargað aftur á flot seint í júní 1947 af stefnendum ásamt Ágúst Jónssyni vélstjóra, Reykjavík, og Guðmundi Bjarnasyni, Kópavogi, svo og hinum stefnda, Kristni Guðbrandssyni. Eftir nokkrar samningaumleitanir um laun fyrir björgun skipsins hafi það orðið úr, að váttryggjandi afhenti björgunarmönnum skipið sem greiðslu á fullum björgunarlaunum, enda hafi björgunarmenn ekki goldið meira fé fyrir skipið. Skipinu hafi þeir siglt til Vestmannaeyja og síðan til Reykjavíkur. Allur kostnaður hafi verið upp gerður jafnharðan og jafnað niður á hina nýju eigendur og goldinn þegar. Skipið hafi þeir fengið, afsalað með öllu lausafé, veiðarfærum, kolum og öðru tilheyrandi. Skipið hafi þeir skírt upp og kallað Jón Steingrímsson, RE 231. Nokkrar tilraunir hafi verið gerðar um útgerð skipsins á veiðar, m. a. sumurin 1950 og 1951. Af þessum tilraunum hafi eigendur ekkert haft, nema tapið eitt.

Nóttina 2. ágúst 1950 varð árekstur með skipinu og v/b Þorsteini, AK 7, eign Ásmundar h/f á Akranesi. Sökk Þorsteinn á skammri stundu, en mannbjörg varð. H/f Ásmundur höfðaði af þessu efni mál á hendur eigendum Jóns Steingrímssonar, og gekk um þetta efni dómur í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 19. nóvember 1951 með þeirri niðurstöðu, að eigendur Jóns Steingrímssonar voru dæmdir til að greiða h/f Ásmundi kr. 489.056.67 með 6% ársvöxtum frá 2. ágúst 1950 til greiðsludags og kr. 18.000.00 í málskostnað, og var h/f Ásmundi dæmt sjóveð í Jóni Steingrímssyni fyrir téðum kröfum.

Nokkru áður en þetta varð, kveða stefnendur, að þeir hafi gefið hinum stefnda, Kristni Guðbrandssyni, og Guðmundi Kolka framkvæmdastjóra, Sindra við Nesveg í Reykjavík, umboð til að selja fyrir þá botnvörpunginn Jón Steingrímsson sem brotajarín, og hafi verið mátt fara niður í kr. 250.000.00. Umboð þetta hafi verið skjalfest, en nú finnst hvorki frumrit þess né

afrit. Stefndi og Guðmundur Kolka hafi tjáð sig hafa samið um sölu á Jóni Steingrímssyni sem brotajárni til Belgíu. Við þessa sölu hafi verið hætt, þegar bótadómur h/f Ásmundar féll, eins og áður segir, 19. nóvember 1951. Hafi þeir félagar, stefndi og Guðmundur Kolka, þá fengið umboð eigenda Jóns Steingrímssonar til að ganga frá umræddum tjónbótum. Umboð þetta hafi verið svohljóðandi:

„Vér undirritaðir eigendur b/v Jóns Steingrímssonar gefum hér með hr. Kristni Guðbrandssyni og hr. Guðmundi Kolka fullt og ótakmarkað umboð til að ganga frá tjóni, er varð 2. ágúst 1950, er Jón Steingrímsson og m/s Þorsteinn rákust á.

Reykjavík, 21. nóvember 1951“.

Botnvörpungurinn Jón Steingrímsson hafi á þessum tíma verið tryggður hjá Almennum Tryggingum h/f. Að samkomulagi hafi orðið, að Almennar Tryggingar h/f greiddu fyrir Jón Steingrímsson kr. 400.000.00, og hafi stefndi og Guðmundur Kolka tekið við fé þessu þannig, að félagið hafi greitt þeim:

21. nóvember 1951	kr. 200.000.00
22. nóvember 1951	— 50.000.00
29. nóvember 1951	— 150.000.00

Kr. 400.000.00

Skipið Jón Steingrímsson hafi síðan verið afhent Ásmundi h/f sem fullar bætur samkvæmt dóminum frá 19. nóvember 1951.

Stefnendur telja ekki vafasamt, að fé það, kr. 400.000.00, sem þeir stefndi og Guðmundur Kolka tóku við, hafi verið eign eigenda botnvörpungsins Jóns Steingrímssonar. Af umræddri upphæð hafi þeir stefndi og Guðmundur Kolka gert skil í peningum og á annan hátt á kr. 250.000.00. Mismuninn, kr. 150.000.00, hafi þeir reynzt ófáanlegir til að greiða.

Meðan tilraunir stóðu yfir um að gera út skipið Jón Steingrímsson á fiskveiðar, kveða stefnendur, að eigendur skipsins hafi lánað þeim stefnda og Guðmundi Kolka kr. 18.350.00 í peningum, sem þeir hafi gefið svofellda kvittun fyrir:

„Við undirritaðir viðurkennum hér með móttöku peninga v. b/v Jón Steingrímsson, kr. 18.350.00 — átján þúsund þrjú hundruð og fimmtíu krónur.

Reykjavík, 19/7 '51.

Guðm. P. Kolka. Kristinn Guðbrandsson.“

Stefndi og Guðmundur Kolka hafa síðar haldið því fram, að eigendur skipsins hefðu gefið þeim eftir fé þetta í sambandi við útgerð skipsins, en þessu neiti stefnendur sem algerlega tilhæfulausu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telja stefnendur þá stefnda, Kristin Guðbrandsson, og Guðmund Kolka hafa skuldað þeim af söluverði skipsins kr. 150.000.00 og lánið frá 19. júlí 1951 — 18.350.00

Samtals kr. 168.350.00

Telja stefnendur hiklaust, að eigendur skipsins eigi þessa kröfu á hendur hinum stefnda, Kristni Guðbrandssyni. Í málssókninni taki ekki þátt Ágúst Jónsson, Guðmundur Bjarnason og að sjálf-sögðu ekki stefndi sjálfur. Telja stefnendur því, að af ofangreindri fjárhæð, kr. 168.350.00, eigi þeir $1\frac{1}{4}$, þ. e. kr. 132.275.00, en sú fjárhæð komi heim við dómkröfurnar.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að hann ásamt Guðmundi Kolka hafi haft heimild til þess að selja skipið Jón Steingrímsson fyrir kr. 250.000.00, og hafi stefnendur ekki átt rétt á greiðslu hærra kaupverðs en það. Upplýst sé í málinu, að eigendur skipsins hafi falið stefnda og Guðmundi Kolka að selja skipið. Deilan sé einungis um það, hvort þeir hafi átt að borga eigendum meira en 250.000.00 krónur, ef selt yrði fyrir hærra verð. Þeir hafi samið um sölu á skipinu í brotajárn, en áður en skipið kæmist í hendur kaupenda, hafi það valdið sjó-tjóni með því að sökkva m/b Þorsteini. Það hafi leitt til þess, að skipið hafi verið fastsett í Reykjavík um það leyti, sem það átti að fara til brotajárnskaupendanna. Til þess að firra sig bóta-kröfu af hálfu brotajárnskaupendanna kveðst stefndi hafa í samráði við Guðmund Kolka tekið það ráð að kaupa annað skip, b/v Haukanes, og senda kaupendunum það í stað Jóns Steingrímssonar. Hafi þetta auðvitað ekki síður verið gert til hagsbóta fyrir eigendur Jóns Steingrímssonar en stefnda og Guðmund Kolka, því að tjónið hafi hlotið að koma niður á eigendunum að lokum. Kostnaðurinn við þessi skipaskipti hafi numið kr. 150.000.00, þ. e. mismuninum á þeim 400.000.00 krónum, sem greiddar voru fyrir skipið af Almennum Tryggingum h/f, og þeim kr. 250.000.00, sem eigendur fengu í sínar hendur. Kostnaður þessi sundurliðast þannig:

1. Kaupverð Haukaness £ 6000-0-0	kr. 274.200.00
2. Kostnaður við drátt út	— 73.851.20
3. Kostnaður vegna manna	— 3.600.00
Trygging £ 250-0-0 á 45/70 plús 1% ..	— 11.908.51
Kol í b/v Jóni Steingrímssyni, ca. 15 tonn	— 9.000.00
Lögfræðikostnaður vegna skiptanna ...	— 3.000.00
Kostnaður við að gera sjóklárt	— 12.000.00
Leyfisgjald	— 2.960.75
Greiðsla til hafnarsjóðs	— 9.158.85

Samtals kr. 399.679.31
Frá dragast — 250.000.00

Kr. 149.679.31

Telur stefndi augljóst mál, að þessi útgjöld hljóti að eiga að koma til frádráttar endanlegu verði til skipta, ef stefndi og Guðmundur Kolka verði taldir umboðsmenn.

Þá heldur stefndi því einnig fram, að hann og Guðmundur Kolka hafi keypt b/v Jón Steingrímsson fyrir £ 5000-0-0. Ef svo yrði litið á, þá hafi stefnendur einnig sitt með 250.000.00 króna uppgjörinu.

Stefndi kveður peningana, kr. 18.350.00, sem hann tók við, ekki vera lán til sín, heldur hafi sú fjárhæð verið notuð til útgerðar skipsins, sem þá hafi verið í eigu sumra af stefnendum að minnsta kosti. Kvittunin ber það einnig með sér, að ekki hafi verið um lán til stefnda og Guðmundar Kolka að ræða. Krefst stefndi algerrar sýknu einnig af þessum lið.

Þá bendir stefndi á það, að hann sé aðeins annar aðili þessa máls. Honum geti ekki borið að greiða meira en helming stefnukröfunnar í mesta lagi, ef hann verði talinn eiga að greiða nokkuð. Gerir stefndi því þá kröfu, að hann verði ekki dæmdur til að greiða meira en helming þess, sem stefnendur kunna að verða taldir eiga rétt á úr hendi stefnda og dánarbús Guðmundar Kolka.

Við hinn munnlega málflutning studdi stefndi kröfu sína um sýknu jafnframt þeim rökum, að stefnendur hefðu sýnt af sér slíkt tómlæti, að af þeim sökum beri að sýkna hann af kröfum stefnenda. Þá mótmælti hann vaxtakröfu stefnenda, bæði að því er varðar vaxtahæð og upphafstíma.

Af hálfu stefnenda er því fastlega neitað, að stefndi og Guð-

mundur Kolka hafi keypt skipið, enda finnst ekki stafur í gögn-um málsins, sem bendi til þess, fyrir utan óljósar skýrslur stefnda og Guðmundar Kolka. Engin sala hafi farið fram, heldur aðeins tjónsuppgjör, sem leyst hafi verið með því að afhenda Ásmundi h/f skipið kvaðalaust. Umboð stefnda og Guðmundar Kolka til þess að selja skipið fyrir verð, sem mætti fara allt niður í kr. 250.000.00, hafi ekki verið þess efnis, að stefndi og Guðmundur Kolka hafi átt að eignast þann hluta söluverðsins, sem fengist umfram kr. 250.000.00. Auk þess hafi umboð þetta fallið niður, um leið og umboðið frá 21. nóvember 1951 var gefið út. Þá mótmæla stefnendur kostnaðinum, kr. 149.679.31, sem röngum, ósönnuðum og málinu óviðkomandi.

Að því er aðild stefnda varðar, hafa stefnendur bent á, að það hafi verið refsivert af stefnda og Guðmundi Kolka að skila eigendum b/v Jóns Steingrímssonar ekki þeim 150.000.00 krónum, sem krafist sé um í máli þessu. Af þessu leiði, að stefndi og Guðmundur Kolka hafi verið ábyrgir in solidum til að greiða stefnendum þessa peninga, og af þessum sökum hafi jafnan verið heimilt að stefna stefnda einum sér til greiðslu skuldarinnar. Auk þess sé á það að líta, að Guðmundur Kolka hafi látizt 23. marz 1957. Innköllun skulda dánarbús hans hafi verið gefin út, og hafi síðasta innköllun verið auglýst 9. október 1957. Þegar mál þetta var höfðað, hafi innköllunarfrestur því löngu verið liðinn.

Með bréfi, dagsettu 17. nóvember 1953, til sakadómarans í Reykjavík kærðu eigendur b/v Jóns Steingrímssonar, aðrir en stefndi, þá Guðmund Kolka og stefnda og kröfðust opinberrar rannsóknar vegna afskipta þeirra af sölu skipsins og uppgjóri. Hófst réttarrannsókn í málinu 26. ágúst 1954, og var síðast þingað í málinu 22. marz 1956, en með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 23. júlí 1956, tók ráðuneytið fram, að það fyrirskipaði ekki frekari aðgerðir í máli þessu af hálfu hins opinbera.

Guðmundur Kolka kom fyrir sakadóm 17. nóvember 1953 og gaf þá meðal annars svofellda skýrslu:

„Áður en skipið var gert út á síld 1951, komu fram sjóveðs-kröfur á skipið frá síldarútgerðinni árið áður. Varð það til þess, að eigendur skipsins tóku rekstrarlán Voru sjóveðskröfurnar á skipinu hreinsaðar, og urðu þá eftir af rekstrarláninu um 18.350.00 kr., sem kærðu fengu til útgerðar skipsins. Gáfu þeir kvittun fyrir þeirri fjárhæð. . . . Kærði tekur fram, að nokkru síðar hafi verið gert munnlegt samkomulag um skuld þessa milli

kærða og þriggja af eigendum skipsins, þeirra Bergs Lárussonar, Helga Pálssonar og Júlíusar Lárussonar. Samkvæmt samkomulaginu áttu fyrrgreindar kr. 18.350.00 að falla niður gegn því, að kröfur, sem kærðu áttu á hendur eigendum skipsins, m. a. vegna greiðslu á fyrrgreindum viðgerðarkostnaði skipsins, féllu niður. Eftir síldarútgerðina sumarið 1951 lá skipið í Reykjavíkurhöfn í hálfgerðu reiðileysi, og greiddu kærðu hafnar- og váttryggingargjöld af skipinu. Um haustið 1951 samdist svo um milli kærðu og eigenda skipsins, að kærðu keyptu skipið fyrir 5 þúsund sterlingspund. Skyldi kaupverðið greiddast að fullu, er skipið færi úr Reykjavíkurhöfn. Var skriflegt samkomulag gert um kaupin, en kærði kveðst nú ekki hafa það við höndina. Kærðu höfðu í hyggju að selja skipið til útlanda sem brotajárn. Á þessum tíma gerðu þeir samkomulag við eigendur annars togara, Baldurs, um, að þeir skyldu selja skipin sem brotajárn til að fá hærra verð fyrir þau. Voru samningar gerðir um þetta svo og um sölu skipanna til manna í Belgíu. Á seinustu stundu frétti kærði um dóminn (frá 19. nóv. 1951), og hafði hann ekki áður haft hugmynd um þessi málaferli. Kærðu töluðu þá við Júlíus Lárusson og Helga Pálsson um málið, gáfu þeir Júlíus og Helgi kærðu fullt og ótakmarkað umboð til að ganga frá tjóni því, sem dómurinn fjallaði um Jafnframt var við þetta tækifæri ákveðið milli kærðu og Júlíusar og Helga, að kærðu gerðu upp við Almennar Tryggingar Enn fremur, að kaupverð skipsins skyldi hækkað úr 5 þúsund sterlingspundum í 250.000.00 krónur, en mismunurinn skyldi fara til kærðu til að bæta kostnað og tjón, sem þeir urðu fyrir vegna dómsins Enn fremur varð samkomulag um það, að kærðu keyptu togarann Haukanes frá Hafnarfirði til að selja til Belgíu í stað togarans Jóns Steingrímssonar og með því losa fyrri eigendur síðarnefnda togarans við óhjákvæmileg málaferli út af því, að ekki myndi verða unnt að uppfylla þegar gerða samninga um sölu skipsins. Ekkert af þessu var gert skriflegt, að undanteknu fyrrgreindu umboði. Kærðu leystu síðan veðbönd af b/v Jóni Steingrímssyni og sömdu við Almennar Tryggingar um dómkröfuna Þá greiddu þeir Jóhanni Steinassyni lögræðingi fyrir hönd eigenda skipsins kaupverð skipsins, kr. 250.000.00, og var fjárhæðin bæði greidd í reiðufé og með greiðslu áhvílandi skulda á skipinu. Gaf Jóhann kærðu fullnaðarkvittun fyrir greiðslu greindra 250.000.00 kr., og er kvittunin í fórum kærða. Strax eftir að þetta hafði gerzt, afhentu kærðu h/f Ásmundi, sem átti dómkröfuna

b/v Jón Steingrímsson, sem þá var haftalaus og kvaðalaus. Jafnframt féllst hinn belgíski kaupandi á það að taka við togaranum Haukanesi í stað togarans Jóns Steingrímssonar, og var þannig öllum samningum fullnægt.“

Stefndi gaf skýrslu í sakadómi 12. ágúst 1955. Segir þar meðal annars:

„.... Sumarið 1951 gerðu þeir kærði og Guðmundur Kolka ásamt Jóni Erlendssyni og Halldóri Björnssyni skipið út á síldveiðar, en þá voru komnar fram sjóveðkröfur á skipið frá síldarútgerðinni árið áður. Var því tekið rekstrarlánið og sjóveðskrófurnar greiddar. Eftir urðu þá af láninu til beinnar útgerðar skipsins um kr. 18.350.00, og gáfu þeir kærði og Guðmundur Kolka kvittun fyrir þeirri fjárhæð Síðar gerðu þeir kærði og Guðmundur munnlegt samkomulag við hina skips-eigendurna, að fyrrgreint lán yrði látið falla niður gegn því, að kröfur, sem þeir kærði og Guðmundur áttu á þá vegna útlagðs viðgerðarkostnaðar skipsins, féllu niður. Eftir síldarútgerðina sumarið 1951 var skipinu lagt, en þeir Guðmundur og kærði greiddu tryggingu og hafnargjöld af skipinu. Um haustið gerðu þeir Guðmundur og kærði skriflegt samkomulag við hina eigendur skipsins. Minnir kærða fastlega, að samkomulagið hafi verið fólgið í því, að þeir Guðmundur keyptu skipið og kaupverðið væri £ 5.000-0-0. Sérstaklega aðspurður, minnir kærða það fastlega, að þetta hafi ekki verið umboð til þeirra Guðmundar til að selja skipið fyrir £ 5.000-0-0, heldur hafi hér verið um að ræða hreina sölu skipsins. Ætlan þeirra Guðmundar var að selja skipið sem brotajárn í Belgíu, og voru þeir þá meira að segja búnir að fá verðtilboð, að fjárhæð £ 6.500-0-0 í skipið. Kærði heldur, að hann geti áreiðanlega fundið áðurgreint skriflegt samkomulag í skjölum sínum, og kveðst nú gera gangskör að því að hafa upp á því. Áður en skipið fór héðan af landi brott, fréttu þeir Guðmundur um dóminn (19. nóv. 1951), en kærði hafði ekki áður haft hugmynd um þau málaferli. Þeir kærði og Guðmundur fengu þá hjá hinum eigendum skipsins fullt og ótakmarkað umboð til að gera upp dómkröfurnar Enn fremur var ákveðið að hækka fyrrgreinda fjárhæð, £ 5.000-0-0, í kr. 250.000.00, og skyldi mismunurinn vera fyrir þann kostnað og tjón, sem þeir Guðmundur og kærði urðu fyrir vegna fyrrgreinds dóms. Enn fremur var samkomulag við hina erlendu kaupendur um, að þeir Guðmundur og kærði keyptu togarann Haukanes frá Hafnarfirði, og létu hann í staðinn fyrir

b/v Jón Steingrímsson, Þeir Guðmundur og kærði leystu síðan veðbönd af b/v Jóni Steingrímssyni og sömdu um greiðslur á dómkröfum fyrrgreinds dóms. Greiddu þeir Jóhanni Steinasyni lögfræðingi fyrir hönd hinna fyrri eigenda skipsins greindar kr. 250.000.00, og var sú fjárhæð greidd að nokkru í reiðufé, en að mestu leyti með greiðslu áhvílandi skulda á skipinu. Síðan afhentu þeir Guðmundur og kærði b/v Jón Steingrímsson kvaðalausan h/f Ásmundi, sem átti fyrrgreinda dómkröfu“

Stefnandinn Helgi Pálsson kom fyrir sakadóm 23. september 1955 og skýrði meðal annars svo frá, að á árinu 1951 hafi eigendur b/v Jóns Steingrímssonar afráðið að selja skipið, og hafi þeir gert skriflegan samning við stefnda og Guðmund Kolka. Ýtarlega aðspurður, kvaðst Helgi halda, að efni samningsins hafi verið það, að stefndi og Kristinn fengu umboð til að selja skipið, en ekki það, að þeir keyptu sjálfir skipið. Ekki mundi hann, hvort tiltekið var í samningnum eða hvort nokkuð var rætt um það milli þeirra, sem samninginn gerðu, hve hátt verð skipsins átti að vera. Mundi hann enga tölu í því sambandi eða annað í því sambandi. Kvaðst hann ekki hafa gert annað við samningsgerðina en að rita nafn sitt undir samninginn. Hann kvað Berg Lárusson aðallega hafa séð um samningsgerðina fyrir eigendur skipsins. Ekki gat hann sagt um, hvar hinn skriflegi samningur var niður kominn eða hvort hann undirritaði fleiri en eitt eintak af honum. Hann kvað sér alveg ókunnugt um það munnlega samkomulag, sem stefndi og Guðmundur Kolka báru fyrir sig fyrir sakadómi, að gert hefði verið um 18.350.00 króna lánið.

Stefnandinn Bergur Lárusson gaf skýrslu fyrir sakadómi 22. marz 1956 og skýrði þá m. a. svo frá, að haustið 1951 hafi eigendur b/v Jóns Steingrímssonar gert skriflegan samning við stefnda og Guðmund Kolka, þar sem hinum síðarnefndu var falið með samningi að selja skipið sem brotajárn, og hafi umtalað söluverð verið kr. 250.000.00. Greiðsla skyldi fara fram með tryggingu í banka, um leið og skipstjóri dráttarbáts veitti skipinu viðtöku í Reykjavíkurhöfn. Samningur þessi hafi verið skriflegur, og kvaðst hann ekki vita annað en að Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður hefði eitt eintak af honum í förum sínum, en sjálfur kvaðst Bergur ekki hafa eintak af honum. Sérstaklega aðspurður kvað Bergur ekki hafa verið um að ræða sölu skipsins til stefnda og Guðmundar Kolka, heldur aðeins þeim falið að selja skipið sem brotajárn fyrir kr. 250.000.00.

Ekki mundi hann til þess, að nokkuð væri tiltekið í samningnum eða viðræðum samningsaðila, hvernig færi, ef söluverð skipsins yrði hærra en kr. 250.000.00, þ. e. hvor aðili skyldi njóta þess, ef tækist að selja skipið fyrir meira en 250.000.00 krónur. Nánar aðspurður um framangreindar 250.000.00 krónur, kvaðst hann ekki muna til þess, að verð skipsins væri ákveðið annað, ef það væri selt sem brotajárn, þannig mundi hann ekki til þess, að talað væri um 5000 sterlingspunda söluverð skipsins. Af fyrrgreindri sölu skipsins kvað hann ekki hafa getað orðið vegna ásiglingarkröfunnar, sem á skipið kom. Stefnda og Guðmundi Kolka hafi verið veitt umboð til að semja um kröfu þessa við Almennar Tryggingar h/f, þar sem skipið var tryggt. Síðar hafi eigendur skipsins fengið upplýsingar um það frá Almennum Tryggingum h/f, að þeir hefðu selt skipið fyrir um 400.000.00 krónur. Þá kvað hann aldrei hafa verið orðað við hann að fella niður 18.350.00 króna lánið, og væri það ennþá ógreitt.

Vitnið Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður gaf skýrslu í sakadómi 16. ágúst 1955 og skýrði þá m. a. svo frá, að það hefði verið lögfræðingur eigenda b/v Jóns Steingrímssonar frá árinu 1950 til síðla hausts 1951. Kvað það sér kunnugt um, að stefndi og Guðmundur Kolka hefðu fengið skipið til ráðstöfunar, líklega í september eða október 1951. Tók vitnið við greiðslum frá þeim fyrir skipið fyrir hönd annarra eigenda þess. Vitnið minnst þess, að það tók við tékka, að fjárhæð kr. 126.853.43, frá þeim Guðmundi Kolka og stefnda, en við öðrum peningum tók það ekki. Vitnið rengir það ekki, að verðmæti það, er það tók við hjá stefnda og Guðmundi Kolka fyrir hönd annarra eigenda b/v Jóns Steingrímssonar, hafi numið kr. 250.000.00. Hins vegar kveðst vitnið ekki geta borið um samninga stefnda og Guðmundar Kolka við aðra eigendur skipsins, þ. e. hvort kærðu keyptu skipið eða aðeins fengu það í umboðssölu. Þá kveðst vitnið heldur ekki geta borið um samninga stefnda og Guðmundar Kolka við Almennar Tryggingar h/f út af b/v Jóni Steingrímssyni. Vitnið kveðst hafa gert eigendum b/v Jóns Steingrímssonar grein fyrir andvirði fyrrgreinds tékka, að fjárhæð kr. 126.853.43, og hafi eigendurnir ekki verið óánægðir með þá greinargerð.

Um 1.

Þegar gögn málsins eru virt, sérstaklega umboðið frá 21. nóvember 1951, þá þykir stefndi eigi hafa sannað, að hann og Guð-

mundur Kolka hafi keypt b/v Jón Steingrímsson af stefnendum. Kemur sú varnarástæða honum því ekki að haldi.

Eins og áður er rakið, hefur hið skriflega skjal, sem stefnendur halda fram, að hafi verið umboð til stefnda og Guðmundar Kolka til að selja skipið sem brotajárn fyrir verð, sem mátti fara niður í kr. 250.000.00, ekki komið í leitirnar. Verður því ekki við það stuðzt við skýringu á lögskiptum aðiljanna. Um efni skjalsins eru því ekki fyrir hendi önnur gögn en óljósar skýrslur aðiljanna. Umboðið frá 21. nóvember gefur ekki til kynna neitt um það, að stefndi og Guðmundur Kolka hafi haft heimild til að ganga frá tjóninu á þann hátt, að ef þeir fengju meira en kr. 250.000.00 fyrir skipið við tjónsuppgjörið, þá ætti mismunurinn að koma í þeirra hlut. Þegar þetta er virt svo og önnur gögn málsins, þykir stefndi ekki hafa sannað, að hann og Guðmundur Kolka hafi fengið skipið til ráðstöfunar með þessum hætti. Stefnendur hafa mótmælt kostnaðinum, kr. 149.679.31, sem röngum og ósönnuðum. Stefndi hefur ekki lagt fram nein gögn til stuðnings þeim kostnaði. Gegn andmælum stefnenda er því tjón þetta ósannað. Viðurkennt er af stefnda, að hann og Guðmundur Kolka hafi tekið við kr. 400.000.00 frá vátryggjanda skipsins, Almennum Tryggingum h/f, til greiðslu á dómi Ásmundar h/f. Stefnendur hafa viðurkennt, að gerð hafi verið skil á kr. 250.000.00 af framangreindri fjárhæð. Verður krafa stefnenda um það, að stefndi standi þeim skil á mismuninum, kr. 150.000.00, að tiltölu við eignarhluta þeirra í skipinu því tekin til greina, enda þykir stefndi, eins og atvikum er háttað, bera ábyrgð á greiðslu allrar skuldarinnar. Þá þykja stefnendur ekki hafa sýnt af sér slíkt tómlæti, að krafa þeirra sé af þeim sökum niður fallin.

Um 2.

Stefndi hefur viðurkennt, að hann og Guðmundur Kolka hafi tekið á móti peningum, að fjárhæð kr. 18.350.00, úr hendi eigenda skipsins. Stefndi hefur hins vegar ekki sannað, að skuld þessi sé greidd eða að stefnendur hafi gefið hana eftir. Með skírskotun til þessa svo og þess, sem segir um kröfulið 1 in fine, verður þessi kröfuliður einnig tekinn til greina.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum ¹¹/₁₄ af kr. 168.350.00 (150.000.00 + 18.350.00), þ. e. kr. 132.275.00

Eftir atvikum þykir rétt að taka kröfu stefnenda um vexti til greina frá birtingardegi stefnu 4. október 1960.

Þá þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Guðbrandsson, greiði stefnendum, Bergi Lárussyni, Einari Guðmundssyni, Halldóri Davíðssyni, Halldóri Hávarðssyni, Helga Pálssyni, Júlíusi Lárussyni, Magnúsi Pálssyni, Magnúsi Sigurðssyni, Páli Þorgilssyni, Siggeiri Lárussyni og Vilhjálmi Eyjólfsyni, kr. 132.275.00 með 9% ársvöxtum frá 4. október 1960 til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. marz 1964.

Nr. 99/1963. **Guðrún Sæmundsdóttir og Högni Jónsson**
(Högni Jónsson hdl.)

gegn

Ragnari Jónssyni (sjálfur).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsón, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason.

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, Guðrún Sæmundsdóttir og sonur hennar, Högni Jónsson héraðsdómslögmaður, hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1963 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur